

Breyting á reglugerð um færni og heilsumat & Viðbrögð SFV

Til : Sigurjón Norberg Kjærnested <sigurjon@samtok.is>
Frá : Sigurjón Norberg Kjærnested <sigurjon@samtok.is>
Heiti : Breyting á reglugerð um færni og heilsumat & Viðbrögð SFV
Málsnúmer : 2102015
Málsaðili : Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu
Skráð dags : 09.08.2021 12:59:48
Höfundur : Sigurjón Norberg Kjærnested <sigurjon@samtok.is>

Sæl öll aðildarfélagar að SFV

Nú fyrir helgina kynntu stjórnvöld aðgerðapakka sem ætlaður er til að styðja við Landspítalann í því ástandi sem þar er uppi vegna covid. Hluti af þeim aðgerðum er breyting á reglugerð nr. 466/2012 um færni- og heilsumat vegna dvalar- og hjúkrunarrýma. Sjá má [þá breytingu hér](#):

Við vekjum sérstaklega athygli á síðustu mgr. 7.gr: “Hafi sami einstaklingur verið tilnefndur af færni- og heilsumatsnefnd sem annar tveggja í dvalar- eða hjúkrunarrými á stofnun en ekki verið úthlutað rými, skal viðkomandi sjálfkrafa vera úthlutað rými á þeirri stofnun í þriðja sinn sem hann er tilnefndur.”

Breyting þessi var gerð án nokkurs samráðs við SFV og sendu samtökin frá sér erindi til Heilbrigðisráðherra þar sem breytingunni og samráðsleysi var mótmælt, og óskað eftir fundi með ráðherra til að finna lausnir á málinu.

Þar var sérstaklega farið yfir að þrátt fyrir að samtökin styðji það markmið að styrkja Landspítalann, þá sé þessi tiltekna breyting hvað varðar hjúkrunarheimilin, alls ekki rétta leiðin til þess. Ítarlega var þar farið yfir slæm áhrif málsins á hjúkrunarheimilin.

Ekki var fallist á meginbeiðni erindis SFV, sem var að draga breytinguna til baka.

Samtökin sendu einnig út fréttatilkynningu um málið, þar sem farið var yfir afstöðu SFV, sem þegar hefur hlotið nokkra umfjöllun.

Ef ykkur vantar frekari upplýsingar eða viljið ræða málið, endilega verið í sambandi.

Með góðri kveðju,

Sigurjón Norberg Kjærnested,

framkvæmdastjóri - Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu

sigurjon@samtok.is / 783 8114